

Ignatiusar kyrkjuföðurs: „hvert sem biskupinn bendir, þangað safnast fólkið“. (Smyrn. III. 4.).

Í stað þess nú að ræða þetta mál, er mátt hefði verða bæði til fróðleiks og skemtunar, þar það hefði knúð fram allar þær sannanir er kyrkjan á í fórum sínum, er nefna hana í yfirrétt yfir siðalögmálið, svo mönnum hefði gefist að líta á hverju kyrkjan byggir sitt vald, þá í þess stað lendir logikin út í skammir frá beggja hálfu. Séra Jón atyrðir Baldwin og bregður honum og blaði hans um kristindómshatur, og Hkr. svarar sem von var til, aftur í sömu mynd. Svo verður úr öllu saman ein stertabenda. Ótal Smájónar slást í leikinn og auka hávaðann og ærslin, hver um sig að reyna að bera blak af „herra sínun“. Er sízt varði voru allir komnir í þvögu. „Þeir sentust á svörum. smárakkarnir geltu, opnum skoltunum skeltu“.

Umræðuefninu er strax slept. Séra Jón skipar Hkr. að þegja um þetta mál, þar eð það sé algerlega fyrir utan hennar verkahring, svarar engu því ei þetta mál áhrærði, þykist ekki skyldugur til þess fyrst hann ekki eigi orðastað við „kyrkjunnar mann“. Við öðru var tæpast að búast. Ef út í þetta mál hefði farið nokkuð ýtarlega, þá hefði það kostað það, að skoða og yfirfara öll undirstöðuatriði orþódoxu kyrkjunnar, og það, sem verst var, framan í öllum almenningi. Það hefði orðið að athuga fyrst á hverju myndugleiki kyrkjunnar bygðist og hvers vegna, í því sem hún væri ósamhljóða siðferðislögmálinu, mannlegu eðli, skynsemi, samvizku og innri tilfinningum fólks, að framar bæri að meta hennar orð, hlýðast hennar skipunum en þess síðara.

Í öðru lagi hefði og orðið að sýna hversu valdi hennar yfir sálum manna væri háttað og hvaðan það kæmi, og hvers vegna það væri æðra en siðferðiskrafan. Hætt er við að þetta síðara hefði orðið jafnvel argara hinu fyrra, ef svo langt hefði farið. Mönnum er fjölda margt ljúfara en að láta lýsa til marks á sér. Orð þau ganga í hlustir þótt eyrað sé rífað. Og svo vilja flestir líka, hér í landi að minsta kosti, telja sig frjálsa. Þegar svo á að fara að útlista í heyranda hljóði eignarrétt einnar mannfélagsstofnunar yfir sálum og sannfæringu þessara manna, er hætt